



112. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

Haldinn í Hestfjalli mánudaginn 8.júní kl. 13:00

Fundinn sátu: Fulltrúar í skólanefnd: Sigrún Jónsdóttir, formaður, Elías Bergmann Jóhannsson, Eydís Indriðadóttir, Friðrik Sigurbjörnsson.

Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri, Ragnhildur Sævarsdóttir (fulltrúi foreldra) og Hildur Hálfdanardóttir sem ritaði fundargerð.

Boðuð forföll: Inger Erla Thomsen, Aðalheiður Sif Guðjónsdótti (fulltrúi nemenda), Vera Sólveig Ólafsdóttir (fulltrúi kennara)

Gestir: Ragnheiður Bjarnadóttir (fjármálastjóri ML og gjaldkeri MML) og Freyja Rós Haraldsdóttir (Gæðastjóri).

Dagskrá:

1. Rekstur
2. Nýnemabrotthvarf og innritun
3. Kennslustefna ML
4. Önnur mál
 - a. Formleg stjórnarskipti hjá ML og MML gagnvart ríkisskattstjóra

Formaður setur fundinn.

1. Rekstur

Jóna Katrín fer yfir rekstur Menntaskólans að Laugarvatni. Farið var yfir fjárveitingarbréf 2026. Aðhaldskröfur frá mennta- og barnamálaráðuneytið hafa staðið yfir í nokkur ár. Uppsafnaður halli skólans í lok árs 2025 er 59,5 m.kr. og er sú staða alvarleg. Stofnunin þarf að vinna upp þennan halla á næstu árum. Skólameistari kynnti viðbrögð við niðurskurði í rekstri. Rætt um leiðir, þrátt fyrir niðurskurð, til að veita bókasafnsþjónustu bæði fyrir nemendur ML og samfélagið á Laugarvatni. Skólanefnd ML telur nauðsynlegt að ræða á ný við Bláskógabyggð um fjármögnun starfsemi bókasafnsins í ljósi umræðna á fundinum. Einnig var rætt um leiðir til að veita sálfræðiþjónustu við skólann, þó það yrði með öðrum hætti en verið hefur.



2. Nýnemabrotthvarf, nýnemabrottfall og innritun

Áslaug fer yfir nýnemabrotthvarf og nýnemabrottfall. Mjög lítið brotthvarf er sem og brottfall. Mjög góð aðsókn er í skólann fyrir haustið 2026, í dag voru komnar rúmlega 80 umsóknir í fyrsta val.

3. Kennslustefna ML

Freyja Rós kynnir drög að kennslustefnu ML sem var unnin í kjölfar Ytra mats ráðuneytisins síðastliðið haust. Kennarar og stjórnendur unnu skjalið saman á vinnufundum í vetur. Lokayfirferð verður í haust og þegar hún verður fullmótuð verður hún birt á heimasíðu ML.

4. Önnur mál

- a. Stjórnarfolk útfyllir eyðublöð vegna stjórnarskipa hjá ML og MML sem skila þarf til ríkisskattsstjóra

Fundargerð verður send til rafrænnar undirritunar

Fundi slitið kl. 14:41

Fundargerð ritaði Hildur Hálfðanardóttir